
Suðurlandsvegur um Hveragerði. Breyting á framkvæmd.

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 1. september 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breytingu Hringvegur við Hveragerði (Suðurlandsvegur), Hveragerðisbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 10.07 og 13.02 í 1. viðauka laganna. Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri færslu vegarins, á kaflanum frá Kambarótum að Varmá, suður fyrir Búrfellslínu 2 en áður var veginum ætlaður staður norðan línunnar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Suðurlandsvegur um Hveragerði, könnun á matsskyldu breytinga frá áður kynntri framkvæmd. Vegagerðin, september 2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Minjastofnun með bréfum dags. 22. september og 13. desember 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. nóvember 2017.

Fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands á áhrifasvæði Suðurlandsvegur: Deiliskráning í landi Hveragerðis, dags. 11. desember 2017.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrir liggja álit Skipulagsstofnunar dags 9. júlí 2009 um mat á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði og álit stofnunarinnar dags. 14. júní 2010 um mat á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegur, frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss.

Vegagerðin hefur nú tilkynnt fyrirhugaða færslu Suðurlandsvegur við Hveragerði frá því sem gert var ráð fyrir við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar árin 2009 og 2010. Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að tilgangur með færslu Suðurlandsvegur sé að veita möguleika á að tvöfalda hann, bæta þannig umferðaröryggi og greiða fyrir vaxandi umferð um veginn. Sú leið sem umhverfisáhrif hafi verið metin af á árunum 2009 og 2010 sé valkostur A og liggja norðan Búrfellslínu 2. Nánari hönnun hafi leitt í ljós að færsla Hringvegur í aðalskipulagi Hveragerðis árið 2009 hafi ekki verið nægileg til þess að leysa vegtæknileg vandamál við þverun tengibrauta og Hringvegur auk þrengsla við fyrirhuguð mislæg vegamót Hringvegur og Þorlákshafnarvegur. Færslan árið 2009 náði að helgunarsvæði Búrfellslínu 2 að norðanverðu og því er talin þörf á að færa veglínuna suður fyrir línuna til þess að skapa rými.

Í tilkynningu er fjallað um þrjá valkosti B, C og D sunnan Búrfellslínu 2. Vegagerðin hafi tekið ákvörðun um að velja valkost C þar sem sá kostur uppfylli vegtæknileg og öryggissjónarmið hvað best, hafi jákvæð áhrif á byggð og falli nokkuð vel að landslagi. Um er að ræða færslu á. Færslan miðað við valkost C frá áður fyrirhuguðum valkosti A er á 2,8 km löngum kafla og mest um 200 m við hringtorg.



4 UMHVERFISÁHRIF

Náttúrufar og náttúruminjar

Að mati framkvæmdaraðila hefur enginn valkostanna áhrif á hverfisvernduð svæði eða náttúruminjar en bygging vegarins muni hafa neikvæð áhrif á hraun og gróður sökum umfangs röskunar. Rask verður ekki umfram það sem nauðsynlegt er og frágangi á röskuðu svæði utan vegarins verður þannig háttað að það falli vel að umhverfinu, m.a. með því að velja gróðurtegundir úr nærliggjandi umhverfi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar breytingar á framkvæmdinni muni verða utan svæðis á náttúruminjaskrá, Varmá og Ölfusforir. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sunnan Búrfellslínu 2 hafi verið raskað að hluta sem dragi úr verndargildi hraunsins sem ný veglína liggja um. Að teknu tilliti til þessara atriða telur stofnunin ekki líklegt að umrædd breyting á fyrirhugaðri legu Suðurlandsvegar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Fornminjar

Að mati framkvæmdaraðila hafa allir valkostir einhver áhrif á menningarminjar. Fram kemur í framlögðum gögnum að samkvæmt tillögu að aðalskipulagi Hveragerðis frá árinu 2002 muni vegurinn ekki hafa áhrif á skráðar fornminjar en valkostir A og C muni fara yfir gamla vegi. Fjallað hafi verið um áhrif á fornminjar í mati á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar og sé fjögurra fornminja getið vestan Varmár en áhrif á þær muni ekki breytast við færslu veglínunnar. Framkvæmdaraðili álitur því að fornleifaskráning í tillögu að aðalskipulagi Hveragerðis sé fullnægjandi fyrir það svæði sem nú er til umfjöllunar.

Minjastofnun Íslands telur að fyrirliggjandi athuganir á fornleifum vegna legu Suðurlandsvegar nái ekki yfir það svæði sem fyrirhuguð veglína eigi að liggja um enda muni veglínan hliðrast um 100-200 m til suðurs frá áður áætluðu vegstæði. Minjastofnun geti ekki fallist á að fornleifaskráning sem hafi farið fram á árinu 2000 í tengslum við gerð aðalskipulags Hveragerðisbæjar geti talist fullnægjandi vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Stofnunin telur að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna fyrirhugað vegstæði og 100 m svæði út frá því til hvorrar handar.

Í ljósi umsagnar Minjastofnunar fékk Vegagerðin Fornleifastofnun Íslands til að gera úttekt á hinu nýja vegstæði Suðurlandsvegar sem ekki hafði verið kannað áður með tilliti til fornleifa. Alls reyndust vera átta minjar innan svæðisins, fimm leiðir, tóft, varða og hóll sem þjóðsaga tengist. Samkvæmt hættumati eru minjarnar allar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, verði ekki gripið til ráðstafana.

Í seinni umsögn Minjastofnunar kemur fram að sýnileg ummerki séu innan skráningarsvæðisins um allar átta minjarnar nema eina leið. Suðurlandsvegur muni raska öllum leiðunum sem enn séu sýnilegar. Líklega sé engin þessara leiða mjög gömul og þrjár þeirra séu taldar góð dæmi um vegagerð við upphaf 20. aldar. Minjastofnun Íslands telji að skráning leiðanna fimm sé fullnægjandi mótvægisáðgerð en auk þess þurfi að merkja hólinn tóftina og vörðubrotið á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir rask af vangá. Ef ekki verði hjá því komist að raska þessum minjum þurfi að sækja um leyfi Minjastofnunar til þess. Fram kemur að gangi framkvæmdaraðili að kröfum Minjastofnunar Íslands um ofangreindar mótvægisáðgerðir telji stofnunin að færsla Suðurlandsvegar um Hveragerði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umferðaröryggi og hljóðvist

Fram kemur að allir valkostir muni auka umferðaröryggi en neðsta beygjan í Kambalandi verði öruggust eins og hún er útfærð í kostum C og D. Veglagning samkvæmt kostum B, C og D sé



jákvæðari m.t.t. áhrifa á hljóðvist í núverandi byggð en valkostur A, þar sem vegurinn liggja nokkru lægra í landinu.

Landslag

Fram kemur að breikkun vegarins muni gera hann sýnilegri í öllum tilvikum en hæðarlega muni í því sambandi skipta töluvert miklu máli. Í kostum B, C og D muni vegurinn liggja lægra í landinu og hafa minni sjónræn áhrif, hvort sem séð er frá Hveragerði eða að sunnan.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2029.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hveragerðisbæjar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á legu Suðurlandsvegur um Hveragerði miðað við veglínu sem var gert ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum fyrir nokkrum árum. Breytingin felst í færslu vegarins á kaflanum frá Kambarótum að Varmá, suður fyrir Búrfellslínu 2. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10.07 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þau varða eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfang hennar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæðum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Hér er ekki um umfangsmiklar breytingar á framkvæmd að ræða. Færslan á veginum samkvæmt veglínu C, sem framkvæmdaraðili telur ákjósanlegasta, nemur 100-200 m suður fyrir áður áætlað vegstæði á um 2,8 km löngum kafla frá Kambarótum að Varmá. Með veglagningu samkvæmt valkosti C er áætlað að lækka megi vegfyllingar og lágmarka þar með sjónræn áhrif vegkaflans ásamt því að draga úr notkun jarðefna. Stækkun beygjuradýss og stytting neðstu beygju í Kömbum er auk þess áætlað að muni hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á fornminjar og á gróið hraunasvæði sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun hefur í umsögn sinni bent á að hraunasvæðið sé að hluta þegar raskað sem dragi úr verndargildi þess. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir hvað varðar frágang og uppgræðslu með grenndargróðri eru til þess fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum. Átta fornminjar sem mikil hætta er á að verði fyrir raski við framkvæmdina eru skráðar innan svæðisins. Til að draga úr áhrifum á fornleifar hefur Minjastofnun Íslands sett fram kröfur um mótvægisáðgerðir sem Vegagerðin þarf að fara eftir.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á legu Suðurlandsvegur um Hveragerði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. febrúar 2018.

Reykjavík, 11. janúar 2018.

Jakob Gunnarsson

Matthildur Stefánsdóttir